

Fréttatilkynning

11. febrúar 2026

Kvika banki hf.: Ársreikningur 2025

Farsælt og viðburðaríkt ár að baki - traustur rekstrarárangur og mikil aukning vaxtatekna

Á stjórnarfundum þann 11. febrúar 2026 samþykktu stjórn og forstjóri ársreikning samstæðu Kviku banka hf. („Kvika“) fyrir árið 2025.

Helstu atriði ársreiknings og afkomu 2025:

- Hagnaður fyrir skatta af áframhaldandi starfsemi nam 6.217 m.kr. á árinu 2025, samanborið við 5.817 m.kr. árið 2024 og eykst um 400 m.kr. eða 6,9%. Hagnaður fyrir skatta af áframhaldandi starfsemi leiðréttur fyrir einskiptisliðum á fyrsta og fjórða ársfjórðungi nam 7.296 m.kr., og hækkar því um 25,4%.
- Hagnaður af áframhaldandi starfsemi samstæðunnar eftir skatta nam 4.363 m.kr. á árinu 2025, samanborið við 4.690 m.kr. árið 2024 og minnkar um 327 m.kr. eða 7,0%.
- Hreinar vaxtatekjur námu 11.896 m.kr. á árinu 2025, samanborið við 9.681 m.kr. árið 2024 og hækkuðu um 2.215 m.kr. frá fyrra ári eða 22,9%.
- Vaxtamunur var 4,1% á árinu 2025, samanborið við 3,9% árið 2024.
- Hreinar þóknatekjur námu 6.291 m.kr. á árinu 2025, samanborið við 6.137 m.kr. árið 2024 og hækkuðu um 155 m.kr. frá fyrra ári eða 2,5%.
- Aðrar rekstrartekjur námu 1.223 m.kr. á árinu 2025, samanborið við 1.367 m.kr. árið 2024 og lækkuðu um 144 m.kr. frá fyrra ári eða 10,5%.
- Rekstrarkostnaður nam 12.074 m.kr. á árinu 2025, samanborið við 10.608 m.kr. árið 2024 og hækkar um 1.466 m.kr. frá fyrra ári eða 10,5%.
- Arðsemi efnislegs eigin fjár (RoTE) fyrir skatta af áframhaldandi starfsemi nam 14,5% á árinu 2025, samanborið við 18,8% árið 2024.
- Hagnaður á hlut nam 0,97 kr. á árinu 2025, samanborið við 1,0 kr. af áframhaldandi starfsemi árið 2024.

Afkoma af eignum haldið til sölu:

- Afkoma eigna haldið til sölu eftir skatta samanstendur eingöngu af rekstri TM trygginga hf. sem rekið var sem eign haldið til sölu frá 1. janúar til 28. febrúar 2025 þegar félagið var selt. Afkoman er samandregin í einni línu í rekstrareikningi og nam 1.901 milljón króna á árinu 2025, samanborið við 3.460 m.kr. árið 2024.

Helstu atriði efnahags:

- Innlán frá viðskiptavinum námu 173 ma.kr. í lok árs 2025, samanborið við 163 ma.kr. í lok árs 2024 og jukust um 5,8% á árinu.
- Útlán til viðskiptavina voru 208 ma.kr. í lok árs 2025, samanborið við 150 ma.kr. í lok árs 2024 og jukust um 38,2% á árinu.
- Heildareignir námu 343 ma.kr. í lok árs 2025, samanborið við 355 ma.kr. í lok árs 2024.
- Eigið fé samstæðunnar var 69 ma.kr. í lok árs 2025, samanborið við 90 ma.kr. í lok árs 2024.

- Eiginfjárlutfall samstæðunnar (CAR) var 26,8% í lok árs 2025, samanborið við 22,8% í lok árs 2024.
- Heildar lausafjárþekjuhlutfall (LCR) samstæðunnar var 404% í lok árs 2025, samanborið við 360% í lok árs 2024.
- Heildareignir í stýringu námu 469 ma.kr., samanborið við 456 ma.kr. í lok árs 2024.

Helstu atriði í afkomu fjórða ársfjórðungs (4F 2025)

- Hagnaður fyrir skatta nam 1.522 m.kr. á 4F 2025, samanborið við 1.601 m.kr. á 4F 2024 og minnkar um 78 m.kr. eða 4,9%.
- Hagnaður af áframhaldandi starfsemi samstæðunnar eftir skatta nam 1.266 m.kr. á 4F 2025, samanborið við 1.528 m.kr. á 4F 2024 og minnkar um 262 m.kr. eða 17,1%.
- Hreinar vaxtatekjur námu 3,065 m.kr. á 4F 2025, samanborið við 2.498 m.kr. á 4F 2024 og hækkuðu því um 567 m.kr. eða 22,7%.
- Vaxtamunur var 4,3% á 4F 2025, samanborið við 3,8% á 4F 2024.
- Hreinar þóknatekjur voru 1.265 m.kr. á 4F 2025, samanborið við 1.601 m.kr. á 4F 2024 og minnkuðu því um 336 m.kr. eða 21,0%.
- Aðrar rekstrartekjur námu 642 m.kr. á 4F 2025 samanborið við 567 m.kr. á 4F 2024 og hækkuðu því um 75 m.kr. eða 13,2%.
- Rekstrarkostnaður nam 3.263 m.kr. á 4F 2025, samanborið við 2.864 m.kr. á 4F 2024 og eykst um 399 m.kr. frá fyrra ári eða 13,9%.
- Arðsemi efnislegs eigin fjár (RoTE) fyrir skatta á 4F 2025 var 13,2%.
- Hagnaður á hlut nam 0,29 kr. á 4F 2025, samanborið við 0,33 kr. af áframhaldandi starfsemi á 4F 2024.

Stjórn bankans leggur til að greiddur verði 0,36 króna arður á hlut eða 1.566 milljónir króna, að teknu tilliti til eigin bréfa, á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025. Arðgreiðslan nemur 25% af hagnaði samstæðu Kviku eftir skatta sem er til samræmis við arðgreiðslustefnu bankans. Ennfremur mun stjórn íhuga að greiða út sérstakan arð og/eða framkvæma frekari endurkaup á eigin bréfum síðar á árinu eða á næsta aðalfundi bankans.

Í tilefni af fyrirhuguðum arðgreiðslum hafa Kvika og Arion banki hf. undirritað viðauka við áformabréf um samruna félaganna frá því í júlí 2025. Í viðaukanum er ráðgert að skiptihlutföll í samrunanum verði aðlöguð til samræmis við arðgreiðslurnar þannig að efnahagslegar forsendur samrunans, eins og þær lágu til grundvallar við undirritun áformabréfsins, raskist ekki.

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku:

„Árið 2025 var bæði farsælt og viðburðaríkt, bankinn uppskar traustan rekstrarárangur, kynnti til sögunnar nýjungar og raungerði þau markmið sem sett voru fram á Fjárfestadegi Kviku í lok árs 2024.

Afkoma bankans á árinu 2025 er góð, auknar vaxtatekjur eru áberandi og má rekja þær bæði til stækkandi lánaþókar hér heima og í Bretlandi sem og til hagstæðrar fjármögnunar. Áfangar á árinu voru ófáir, kynnt var til sögunnar ný íbúðalánavara undir merkjum Auðar, fjárfestingasjóðurinn Harpa lauk sínu fyrsta rekstrarári, gefið var út fyrsta skuldabréf bankans í evrum og fyrirtækjaráðgjöf stýrði afar vel heppnuðu útboði á eftirstandandi hlut ríkisins í Íslandsbanka. Bankinn fagnaði svo í

október 10 ára afmæli sínu í núverandi mynd og við þau tímamót var merkilegt að fara yfir þann árangur sem náðst hefur og þá miklu umbreytingu sem orðið hefur á rekstri bankans.

Í kjölfar sölu bankans á TM skilaði Kvika til hluthafa mestu fjármunum í sögu félagsins, samtals 27 milljörðum í formi arðgreiðslna og endurkaupa. Eiginfjárstaða við lok árs er engu að síður gríðarlega sterk og hefur bankinn getu til að skila allt að 15 milljörðum króna til hluthafa á árinu 2026 í formi arðgreiðslna eða endurkaupa án þess að raska vaxtarmarkmiðum eða fjárhagslegum styrk félagsins. Frekari ákvarðanir um útgreiðslur verða teknar þegar línur skýrast í samrunaviðræðum.

Samrunaferli við Arion banka hefur dregist lengur en við hefðum óskað en viðræður við samkeppnisyfirvöld halda áfram og miðar ágætlega”

Kynningarfundur og fjárfestakynning

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn fimmtudaginn 12. febrúar kl. 08:30 í höfuðstöðvum bankans á 9. hæð í Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Fundinum verður jafnframt streymt á íslensku á eftirfarandi vefslóð:

<https://kvika.is/kynning-a-uppgjori-12m-2025/>

Hægt er að senda tölvupóst með spurningum fyrir fund eða á meðan honum stendur á netfangið; fjarfestatengsl@kvika.is

Meðfylgjandi er fjárfestakynning. Að auki mun upptaka með enskum texta vera gerð aðgengileg á vefsvæði Kviku.